

Ed.

98. Frumvarp til laga

[88. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Flm.: Björn Líndal.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsl. er orðist svo: Iðnaðarráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá ákvæðum 3. tölul. enda standi sérstaklega á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einn mikilvægasti þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er nýsköpun atvinnulífsins. Þegar hefur verið hafist handa um að hrinda þessari stefnu í framkvæmd. Breytingar hafa verið gerðar á fjárfestingarlánakerfinu, lögð hafa verið drög að stofnun Próunarfélags Íslands hf. og sérstakir styrkir hafa verið veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem leitt geta til arðbærra nýjunga í atvinnulífi og framleiðslu. Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á þennan þátt efnahagsstefnunnar hefur hún lýst því yfir að það sé óhjákvæmilegt forgangsverkefni að stöðva aukningu erlendra skulda. Í þjóðhags-áætlun, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 15. þ.m., er tekið svo sterkt til orða að segja að það varði í reynd fjárhagslegt öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar að stöðva skuldasoðun erlendis.

Eigi að síður er ljóst að erlent fé er ein veigamesta forsenda þess að Íslendingum takist að gera þær breytingar í atvinnulífinu sem tryggt geta fjölbreytni og samkeppnishæfni

íslensks útflutnings. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að Íslendingar leitist við að hagnýta sér erlent fé með öðrum hætti en erlendum lántökum. Slík notkun erlends fjár hefur hins vegar verið meginreglan ef undan er skilin þátttaka erlendra aðila í stóriðju hér á landi. Eitt af því, sem til greina kemur, er að Íslendingar reyni að örva samstarf innlendra og erlendra aðila um atvinnurekstur hér á landi á öðrum sviðum en stóriðju. Má hér einkum nefna samstarf í nýjum atvinnugreinum. Margt vinnst með slíku samstarfi. Möguleikar skapast á fjölbreyttari útflutningi, ný þekking flyst til landsins, s.s. á sviði tækni, markaðsfærslu og stjórnunar, og síðast en ekki síst ber hinn erlendi samstarfsaðili hluta af þeirri fjárhagslegu áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.

Í iðnaði er að finna ýmsa möguleika til nýsköpunar þar sem samstarf innlendra og erlendra aðila getur skilað miklum árangri. Um þessa atvinnugrein gilda nú iðnaðarlög, nr. 42/1978. Þau lög skortir hins vegar þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að árangursríkt samstarf geti sem oftast tekist milli innlendra og erlendra aðila í iðnaði. Samkvæmt lögum þessum má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Hyggist hlutafélag leysa til sín iðnaðarleyfi skal það m.a. fullnægja því skilyrði að meira en helmingur hlutafjár sé í eigu manna sem búsettir eru hér á landi. Þetta skilyrði er óundanþægt og hefur í för með sér að meirihlutaeign erlendra aðila í hlutafélagi getur einungis komist á með sérstakri lagasetningu. Skiptir engu máli hversu stórt félagið er, hvort hlutafé þess er 1 milljón eða 100 milljónir króna. Þetta lagaskilyrði fyrir veitingu iðnaðarleyfis er til þess fallið að hamla gegn samstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja í iðnaði. Til samamburðar má nefna að væri um slíkt samstarf að ræða á sviði verslunar gæti ráðherra samkvæmt gildandi lögum veitt undanþágu frá skilyrði um meirihlutaeign innlenda aðilans á hlutafé. Þess ber og að geta að öll nágrannaríki Íslendinga hafa afnumið ófrávíkjanleg lagaskilyrði af því tagi sem iðnaðarlögin hafa að geyma um meirihlutaeign á hlutafé. Þar er í lagasetningu leitast við að greiða fyrir samstarfi erlendra og innlendra fyrirtækja á sviði iðnaðar. Meðal ríkja í þessum hópi eru öll hin norrænu löndin sem leggja nú sífellt meiri áherslu á slíkt samstarf og um leið þá fjárfestingu í atvinnurekstri sem fylgir í kjölfarið.

Í þessu frumvarpi er lagt til að iðnaðarlögum verði breytt og opnað fyrir aukna möguleika á iðnaðarsamstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu verður það áfram meginregla að Íslendingar eigi meiri hluta hlutafjár í hlutafélögum sem reka iðnaðarstarfsemi. Á hinn bóginn er lagt til að lögleidd verði undanþága frá þessari meginreglu. Er hún orðuð á þá leið að þegar sérstaklega standi á geti ráðherra veitt undanþágu frá skilyrði laganna um að meiri hluti hlutafjár skuli vera eign manna búsettra hér á landi. Með þessu er átt við að veiting undanþágu komi fyrst og fremst til greina þegar telja má að starfsemi viðkomandi félags muni fela í sér mikilvægt framlag til nýsköpunar íslensks atvinnulífs. Hér væri því um undanþáguheimild að ræða vegna iðnfyrirtækja sem hefðu með höndum starfsemi er líkleg þætti til þess að auka útflutningstekjur landsins. Heimild af þessu tagi mun fyrst og fremst gagnast smærri og meðalstórum fyrirtækjum í iðnaði. Þegar um stóriðju er að ræða er ljóst að áfram verður um sérstaka lagasetningu í hvert sinn að ræða, m.a. vegna sérsamninga um raforkuverð og skattgreiðslur.

Hinn 9. maí á þessu ári var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þar sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Sú endurskoðun er hafin en nokkur tími mun án efa líða þar til fullgert frumvarp um efnið lítur dagsins ljós. Eftir þessu er ástædulaust að bíða ekki síst með tilliti til þeirrar miklu áherslu sem nú er lögð á að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu.